

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlun sem hér segir:

Helgafellshverfi, 4. áfangi – 302-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér endurskoðun íbúðasvæðis suðaustast í Helgafellshverfi sunnan nýs Skammadalsvegar, svæðið stækkar um tæplega 1 ha til vesturs. Íbúðum fjölgar um 10 í hverfinu ýmist sem einbýli eða íbúðir í fjölbýli, í heildina 198 einingar. Fjölbýlum nyrst er breytt lítillega og byggingarreitir sameinast. Nokkrum raðhúsum er hliðrað. Minniháttar breytingar eru gerðar á flestum götum og gangstéttum vegna lagna. Ný húsagerð einbýlis á tveimur hæðum er skilgreind í greinagerð. Annað í skipulagi og greinagerð er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F. h. Mosfellsbæjar, 13. júlí 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. júlí 2021